


Alþingi

NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ

Efndi nr. B 117 / 1128

Reykjavík 5 / 4 1994



Umhverfisnefnd Alþingis  
Þórshamri við Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. mars 1994  
Snr. 00.06. Bnr. 6086. AJ

Náttúruverndarráð hefur mótttekið bréf yðar, dags. 3. mars sl., en með bréfi umhverfisnefndar er ráðinu sent til umsagnar frumvarp til laga um vernd Breiðafjarðar.

Náttúruverndarráð hefur á fundum sínum þann 18. og 28. mars, fjallað um tilvitnað frumvarp og er umsögn ráðsins í sérstöku fylgiskjali með bréfi þessu.

Virðingarfyllst

Aðalheiður Jóhannsdóttir  
framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi: umsögn um frumvarp til  
laga um vernd Breiðafjarðar.  
Snr. 20/ 11.23./11.20.



## Umsögn Náttúruverndarráðs um frumvarp til laga um vernd Breiðafjarðar.

Náttúruverndarráð fagnar því að frumvarp til laga um vernd Breiðafjarðar hefur verið lagt fram á Alþingi en gerir þó eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Náttúruverndarráð bendir á að með hliðsjón af tilgangi og markmiði frumvarpsins, sbr. 1. gr. þess og ummæla á bls. 3, í almennri greinargerð með frumvarpinu, hefði e. t. v. verið æskilegra að stefna að stofnun sérstaks náttúruverndar- og menningarsögusvæðis í Breiðafjarðareyjum, einkum með hliðsjón af því að frumvarp það sem hér er lagt fram er langt frá því að vera hnitmiðað eða skýrt hvað varðar náttúruvernd eða nokkra aðra vernd.

### Um 1. gr.

Hugtakið "vernd" er ekki skilgreint í greininni og litla vísbendingu er að finna í frumvarpstextanum sjálfum um nákvæma merkingu hugtaksins. Til samanburðar má benda á 1. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, en í þeirri grein má finna nokkuð skýrar leiðbeiningar um markmið og tilgang þeirra laga. Ef höfð er hliðsjón af því sem kemur fram í almennum athugasemdum með frumvarpinu, bls. 3, er lagt til að 1. gr. hljóði svo:

*Markmið laga þessara er að vernda Breiðafjörð einkum landslag hans, jarðmyndanir og lífríki auk menningarminja sem á svæðinu eru og tryggja að þeir sem heimsækja svæðið eigi kost á að njóta náttúru þess.*

*Með lögum þessum skal stefna að því að auka þekkingu á náttúru og sögu svæðisins með auknum rannsóknum.*

### Um 3. gr.

Með vísan til þess sem áður sagði er lagt til að 2. ml. 1. mgr. breytist og hljóði svo:

*Ráðherra hefur sér til ráðuneytis sérstaka nefnd,  
Breiðafjarðarnefnd, sem hann....*

Lok 3. ml. 1. mgr. breytist og hljóði svo:

*...eiga sæti sex menn.*

Lagt er til að á eftir Snæfellinga í 4. ml. 1. mgr. komi:

*...Náttúruverndarráð,...*

Við 1. mgr. bætist nýr málsliður:

*Nú eru atkvæði nefndarinnar jöfn um afgreiðslu tiltekins máls og ræður þá atkvæði formanns.*

Náttúruverndarráð bendir einnig á að eðlilegt væri að fulltrúi frá Þjóðminjasafni ætti einnig sæti í nefndinni, sbr. 1. gr. laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga.

Um 4. gr.

Að fenginn reynslu telur Náttúruverndarráð rétt að orðin "mannvirkjagerð" og "jarðrask" séu skýrð í frumvarpstextanum, a. m. k. þarf að gefa einhverja vísbendingu við hvað sé átt. Jafnframt kemur það spánkt fyrir sjónir að ráðherra skuli ætlað að miðstýra svæðinu, sbr. 1. mgr. Ef ætlunin er að ráðherra gefi leyfi vegna mannvirkjagerðar og jarðrasks væri eðlilegt að hann leitaði álits skipulagsstjóra ríkisins, sbr. meginregluna í 2. mgr. 5. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, og Náttúruverndarráðs, sbr. meginreglu 29. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd. Jafnframt er bent á, í samræmi við það sem fram kemur í athugasemd um 3. gr. frumvarpsins, að eðlilegt sé að ráðherra leiti umsagnar rétttra stjórnvald, sbr. ákvæði laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga.

Um 5. gr.

Náttúruverndarráð telur að valdaframsal það sem er í 5. gr. frumvarpsins samrýmist varla 2. gr. stj. skr. og sé til þess fallið að valda réttaróvissu í framkvæmd. Lítil vísbending er í frumvarpstextanum sjálfum um þau efnisatriði sem útfæra á í reglugerð. Ráðið telur að bæta þurfi nokkrum efnisgreinum við frumvarpið til þess að skýra nánar í hverju vernd lífríkis á svæðinu og skynsamleg nýting þess á að vera fólgin. Einkum ber hér að hafa í huga 67. gr. stj. skr. vegna ákvæða um skynsamlega nýtingu svæðisins.

Í 2. mgr. er sömuleiðis reglugerðarheimild sem vekur nokkrar spurningar. Í 2. mgr. er fjallað um aðgang ferðamanna að tilteknum stöðum á svæðinu en í athugasemdum við 2. mgr. er fjallað um að settar skuli umgengnisreglur. Þetta vekur óhjákvæmilega upp þá spurningu hvort ætlunin sé að loka svæðinu að einhverju leyti. Æskilegt væri að nota orðið umgengnisreglur í frumvarpstextanum sjálfum til þess að taka af öll tvímæli.

Um 6. gr.

Lagt er til að ákvæðið verði gert skýrara. Meðal annars vantar í greinina ákvæði um hlutverk eða tilgang rannsóknastöðvarinnar og hvernig stjórn hennar skuli skipuð. Tryggja þarf að þær stofnanir sem hafa á að skipa sérfræðingum sem hafa faglega þekkingu á lífríki og jarðfræði Breiðafjarðar, eigi lögbundinn rétt til þess að tilnefna einn

aðila í stjórn stöðvarinnar. Hafa mætti hér til hliðsjónar 4. gr. laga nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Píngeyjarsýslu, og skipun stjórnar stöðvarinnar. Ákvæðið gæti hljóðað svo:

*Ráðherra er heimilt að leyfa starfrækslu rannsóknastöðvar á Breiðafirði eins og fé er veitt til á fjárlögum.*

*Hlutverk stöðvarinnar er að stunda rannsóknir á lífríki, jarðfræði og menningarminjum Breiðafjarðar og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um hvaðeina sem varðar verndun svæðisins.*

*Umhverfissráðherra skipar fimm fulltrúa í stjórn stöðvarinnar til fjögurra ára í senn. Einn skal tilnefndur samkvæmt tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands, einn samkvæmt tillögu Náttúruverndarráðs, einn samkvæmt tillögu Háskóla Íslands, einn samkvæmt tillögu þeirra héraðsnefnda sem rétt eiga til þess að tilnefna í Breiðafjarðarnefnd samkvæmt 3. gr. laganna, loks skal einn fulltrúi skipaður samkvæmt tilnefningu umhverfissráðherra og er hann jafnframt formaður stjórnarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.*

*Nánari ákvæði um hlutverk stjórnar og starfsemi rannsóknastöðvar á Breiðafirði setur ráðherra í reglugerð.*

Um 8. gr.

Til þess að auðvelda framkvæmdina þarf að bæta við beinni aðfararheimild í texta greinarinnar. Jafnframt væri æskilegt að sektir rynnu til starfrækslu rannsóknastöðvarinnar. Loks er lagt til að dagsektir verði hækkaðar í 50 þús. kr. á dag.